

Til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis:

Alþingi
Erindi nr. P 140/1947
komudagur 16.4.2012

Samantekt

við umsögn ásamt tillögum að breytingum á frumvafi til laga um menningarminja,
316. mál. Menningarminjar. 140. löggjafarþingi

1. Alþjóðleg hugtök og norræn

Í frumvarpi til laga um menningarminjar (316. mál) og samverkandi lögum um skil menningarverðmæta (57/2011), Þjóðminjasafn Íslands (141/2011) og safnalögum (141/2011) eru innleidd **alþjóðleg hugtök** yfir *þjóðarverðmæti* (national heritage) og *menningarverðmæti* (cultural heritage). Í frumvarpi og lögum **ná þau einungis til lausra gripa** og *menningarverðmæta* eða *þjóðarverðmæta* en **ekki jarðfastra** minja.

Auk þess er vísað til "**menningarminja**" yfir jarðfastar minjar og lausu gripi og *menningarverðmæti* í **senn** í frumvarpi og lögum ?! Því að **svo er ekki** hjá frændþjóðunum sem **þýðingin á kulturminnen** sem "**menningarminjum**" er sótt til, þar sem skýr greinarmunur er **gerður á jarðföstum menningarminjum** (kulturminnen) annars vegar og lausum menningargripum (kulturforemål - cultural items) hins vegar.

2. Gagnsæ aðgreining menningarminja og menningargripa nauðsyn !

Með gagnsæa og skýra aðgreiningu á jarðföstum þjóðminjum og lausum þjóðminjum, þá legg ég til **eins og venja er í frændríkjunum** að:

- jarðfastar og staðbundnar menningarminjar (kulturminnen)

séu **aðgreindar frá**

- lausum menningargripum (kulturforemål - cultural items) í söfnum, stofnunum eða í einkaeigu,

svo menn **velkist ekki í vafa um hvaða minjar er átt við** og **hvaða stofnanir** annist verndun þeirra eða varðveislu:

- Enda nýrri Minjastofnun Íslands ætlað að annast framkvæmd **verndunar og varðveislu jarðfastra menningarminja**; fornleifa, friðaðra húsa og mannvirkja og minningarmarka
- en Þjóðminjasafn Íslands o.fl. **söfn og stofnanir** annist **varðveislu lausra menningargripa** og *menningarverðmæta*; forngripa, kirkjugripa, náttúrugripa, listaverka, handrita, skjala osfrv.

Þar af **ná alþjóðlegu hugtökin**

- *menningarverðmæti* (cultural heritage) og *þjóðarverðmæti* (national heritage) í lagafrumvarpinu um menningarminjar (316. mál) og samverkandi lögum **einungis yfir lausa menningargripi** (kulturforemål - cultural items) í söfnum, stofnunum eða í einkaeigu,

en ekki

- jarðfastar fornleifar og menningarminjar sem er illmögulegt að koma fyrir í söfnum og útilokað að flytja úr landi.

3. Safnaráð annist skil lausra menningarverðmæta

Þjóðminjasafni Íslands o.fl. **söfnum og stofnunum** er eftir sem áður ætlað að **annast varðveislu lausra menningargripa og menningarverðmæta en ekki nýrri** Minjastofnun Íslands skv. *frumvarpi til laga um menningarminjar* (316.mál).

Þar af leiðandi ætti Safnaráð safnanna að **annast skil á** lausum *menningarverðmætum* til annarra landa (í lögum um skil menningarverðmæta) **sem og** veitingu leyfa til **flutnings menningargripa úr landi** (í safnalögum), því að í **söfnunum er þekking á** verðmæti þeirra og skilaskyldu fyrir hendi.

Í stað **Minjastofnunar Íslands** sem ætlað er að annast framkvæmd verndunar og viðhalds fornleifa auk friðaðra húsa og mannvirkja (útiminja), sinna leyfisveitingum og hafa eftirlit með fornleifarannsóknnum og skilum á rannsóknaniðurstöðunum **sem kalla á** annars konar starfshæfni og **ærnar eftirlitsskyldur - samanborið við - varðveisla** lausra menningargripa og menningarverðmæta (inniminja) í **söfnum og stofnunum**.

Enda þau söfn og stofnanir ásamt Þjóðminjasafni og Safnaráði **margfalt fleiri stöðugildum á að skipa en þau max. 14** sem fyrir hendi eru hjá Fornleifavernd ríkisins og Húsafriðunarnefnd til handa **nýrri** Minjastofnun Íslands.

4. Stjórnunarstöður kalla á tilskilda háskólamenntun og sérþekkingu

Í frumvarpinu til laga um menningarminjar (316. mál) og nýja Minjastofnun Íslands er kveðið á um í 2. mgr. 13. gr. að minjaverðir stofnunarinnar „**skulu hafa háskólamenntun og sérþekkingu á einhverju þeirra fagsviða sem undir stofnunina falla**“. Auk þess er tilgreint í 3. mgr. 15. gr. að þeir sem sinni könnunar- og skráningarstörfum fyrir Minjastofnun „**þurfi að búa yfir sérþekkingu og reynslu á sviði skráningar fornleifa, húsa- og mannvirkja**“.

Samt sem áður er **sambærileg hæfniskrafa ekki gerð til forstöðumanns** Minjastofnunar í 12. gr. laganna með tilliti til - háskólamenntunar og sérþekkingar á sviði fornleifarannsókna og fornleifaverndar eða húsa- og mannvirkjafriðunar - **þeirra meginfagsviða sem undir stofnunina falla ?!**

Né er tilgreint hversu mörg starfstímabil (til fimm ára) megi skipa **forstöðumanninn** með tilliti til nauðsynlegrar endurnýjunar **til samræmis við þau ákvæði** að:

„**Ekki er heimilt skipa aðalmann lengur en í tvö tímabil**“ í fornminjanefnd skv. 8. gr. né húsafriðunarnefnd skv. 9. gr. ?!

Einnig mætti skerpa á kröfum um háskólamenntun og sérþekkingu þeirra sem félög fornleifafræðinga osfrv. tilnefna í Fornminjanefnd með tilliti til margþættrar stefnumörkunar um verndun fornleifa og fornleifarannsóknir sem nefndinni er ætlað að vinna að ásamt Minjastofnun Íslands. Fjalla um tillögur að friðlýsingum og afnám, setja Fornleifasjóði úthlutunarreglur og veita umsagnir um styrkumsóknir úr sjóðnum osfrv.

Minjastofnun Íslands. Fjalla um tillögur að friðlýsingum og afnám, setja Fornleifasjóði úthlutunarreglur og veita umsagnir um styrkumsóknir úr sjóðmum osfrv.

5. Endurskoða þyrfti frumvarp og lög til að skapa sátt um lagabreytingarnar

Eins og áður hefur verið vikið að er mikilvægt að gera greinarmum á jarðfösum menningarminjum (kulturminnen) og lausum menningargripum og menningarverðmætum (kulturforemál -cultural items) í *frumvarpi til laga um menningarminjar* (316. mál) og samverkandi lögum um skil menningarverðmæta (57/2011), Þjóðminjasafn Íslands (141/2011) og safnalögum (141/2011), svo þeir **velkist ekki í vafa um hvaða minjar er átt við** sem skylt er að virða lögin og **hvaða stofnanir** annist verndun þeirra eða varðveislu.

Svo dæmi sé tekið segir annars vegar í 2. mgr. **1. gr.** í *lögum um Þjóðminjasafn Íslands* (140/2011) „**Safnið er höfuðsafn á sviði menningarminja**“ (kulturminnen) og hins vegar segir í 2. mgr. **1. gr.** í *frumvarpi til laga um menningarminjar* (316. mál) og Minjastofnun Íslands að „**Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, hús og önnur mannvirki**“ þó útilokað sé að koma þeim jarðföstu minjum fyrir í söfnum ?!

Samt sem áður ber að fagna að á dagskrá sé að fella verndun og viðhald jarðfastra menningarminja - fornleifa og friðaðra húsa og mannvirkja - undir nýja Minjastofnun Íslands.

En verði frumvarpið um menningarminjar að lögum lítt breytt líkt og frumvörpin að samverkandi lögum, þá yrði Alþingi Íslendinga fyrsta „**parlamentíð**“ í heiminum sem samþykkir að leggja mörg hundruð þúsund dagsektir á rannsóknleyfishafa og einstaklinga í **fornleifarannsóknum** ! Svo mætti áfram telja um ágalla á þessu vanhugsaða *frumvarpi*.

Með vinsemd og virðingu,
Margrét Hermanns Auðardóttir

Fornleifafræðingur, phil.dr.
með menntum og reynslu að baki
í fleiri minjafræðum auk safnafræði
gsm: 896 8733
netfang: mha@akademia.is

**Frumvarp til laga
um menningarminjar og Minjastofnun Íslands**

[Mikilvægt að yfirskrift laganna vísi til Minjastofnunar Íslands sem ætlað er að annast framkvæmd menningarminjaverndar í landinu – til aðgreiningar frá varðveisluskyldum Þjóðminjasafns Íslands]

(Lagt fyrir Alþingi á 140. löggjafarþingi 2011-2012.)

Jákvæð nýmæli í lagafrumvarpi þessu eru einkum þau að framkvæmd verndunar og viðhalds jarðfastra menningarminja og þjóðminja - fornleifar og friðuð hús og mannvirki - eru færð undir sameiginlega Minjastofnun Íslands. Því að varðveisla jarðfastra minja kallar á annars konar starfsæfni og skyldur en lausaminjar í söfnum.

>>> Helsta tillaga að breytingu á lagafrumvarpi þessu er sú, að menningarminjar eigi við um jarðfastar minjar til aðgreiningar frá lausum menningargripum í söfnum. Enda illmögulegt að koma jarðföstum fornleifum, húsum og mannvirkjum fyrir í söfnum !

>>> Önnur tillaga að meginbreytingu, að *Safnaráð* annist eftir sem áður skil *menningarverðmæta* skv. tillögu að breytingu á *lögum um skil menningarverðmæta til annarra landa* nr. 57/2011. Því að *Safnaráði* er ætlað að vera mótandi *samstarfsvettvangur safnanna* í landinu þar sem þekking á að vera fyrir hendi á menningaragripunum, sem skilin á menningarverðmætum til annarra landa snúast um.

>>> Samanber nýjan VII. KAFLA skv. tillögu að breytingu á *safnalögum* nr. 141/2011 og brottfellingu samhljóða XI. Kafla í lagafrumvappi þessu. Til samræmis við hlutverk (nýrrar) Minjastofnunar Íslands að annast framkvæmd verndunar og varðveislu jarðfastra þjóðminja en ekki lausra sem falla undir varðveisluskyldur Þjóðminjasafns Íslands.

>>> Tillögur að breytingum að öðru leyti á lagafrumvapi þessu eru lagaðar að tillögum að breytingum á *samverkandi lögum um Þjóðminjasafn Íslands* nr. 140/2011, *safnalögum* nr. 141/2011 og *lögum um skil menningarverðmæta til annarra landa* nr. 57/ 2011.

>>> Breytingartilögurnar hafa það að markmiði að frumvarp þetta og samverkandi lög séu gagnsæ og skýr svo menn velkist ekki í vafa um muninn á breyttum hugtökum yfir þjóðminjar: Jarðföstum menningarminjum, þ.e. fornleifum og friðuðum húsum og mannvirkjum (útiminjum) annars vegar - eða – lausum menningargripum og menningarverðmætum í söfnum og stofnunum eða í einkaeigu (inniminjum) hins vegar.

>>> Til samræmis við muninn á starfshæfni og skyldum við varðveislu og rannsóknir á menningargripum í söfnum - og - jarðföstum menningarminjum og umhverfisminum (NB) í senn.

>>> Minjastofnun Íslands annist framkvæmd verndunar og viðhalds jarðfastra menningarminja - en - lausir menningargripir og *menningarverðmæti* heyri undir varðveisluskyldur og starfssvið Þjóðminjasafns Íslands o.fl. safna og stofnana.

Tillögur að breytingum blálitaðar og hugtög samræmd og iöguð að tillögum að breytingum á samverkandi lögum: lögum um skil menningarverðmæta til annarra landa nr. 57/2011, lögum um Þjóðminjasafn Íslands nr. 140/2011 og safnalögum nr. 141/2011.

1. ÞÁTTUR
Almenn ákvæði.

I. KAFLI
Tilgangur og skilgreiningar.

1. gr.
Tilgangur.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun **jarðfastra** menningarminja og tryggja að [Íslenskum menningararfi] þeim þjóðminjum [sbr. 2.gr.] verði skilað óspilltum til komandi kynslóða.

[Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar] Til menningarminja og staðbundinna ummerkja um menningarsögu og verkmenningu þjóðarinnar teljast fornleirar, svo sem menningar- og búsetulandslag, byggðaleifar til sjávar og sveita, leifar þingstaða, kirkna og klaustra. Friðuð hús og önnur mannvirki

[fella brott - kirkjugripir skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar – eru **EKKI** staðbundnar **jarðfastar** menningarminjar sbr. 3. gr. – heldur **lausir** menningargripir og menningarverðmæti sbr. flutning XI. Kafla í lagafrumvarpi þessu yfir í **safnalög**, Kafla VII]

Lög þessi ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu þjóðarinnar.

Lögin eiga að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi, auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af menningarminjum og greiða fyrir rannsóknum á þeim.

2. gr.
Þjóðminjar.

[fella brott - **þjóðarverðmæti** – sbr. flutning XI. Kafla í frumvarpi þessu yfir í **safnalög**, Kafla VII]

Þjóðminjar teljast jarðfastar [minjar] menningarminjar og lausir [gripir] menningargripir eða hlutir sem eru einstakir og hafa sérstaka merkingu og mikilvægi fyrir **menningarsögu** Íslands.

Þjóðminjar skulu vera friðlýstar eða varðveittar í Þjóðminjasafni Íslands eða á vegum þess í viðurkenndum söfnum.

Minjastofnun Íslands annast framkvæmd verndunar og varðveislu jarðfastra menningarminja; fornleifa og friðaðra húsa og annarra mannvirkja. [sbr. 7. gr.]

Þjóðminjar og menningargripir skulu varðveitt í Þjóðminjasafni Íslands. Til [fella brott - þjóðarverðmæta*] menningargripa teljast hvers konar munir, gripir, myndir, skjöl, handrit og bækur í eigu opinberra stofnana, fyrirtækja, félagasamtaka eða einstaklinga sem hafa sérstaka þýðingu fyrir íslenska þjóðmenningu.

[* fella brott - Ráðherra getur ákveðið að einstakir hlutir í eigu einkaaðila teljist **þjóðarverðmæti** í merkingu laga þessara. – sbr. flutning XI. Kafla í lagafrumvarpi þessu yfir í **safnalög**, Kafla VII]